

Alþingi – umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, mánudagur, 12. febrúar 2024
UST202401-438/H.G.
00.01

Efni: Til umsagnar - 585. mál frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun

Vísað er til erindis dags. 29. janúar sl. þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi til umsagnar 585. mál frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

7. gr. Gildistaka

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2025 en Umhverfisstofnun telur líklegt að það sé nú orðinn of skammur tími. Mikilvægt er þó að gildistaka sé um áramót en ekki á miðju ári til að tryggja yfirsýn yfir fjármál. Óskað er eftir að tímalína innleiðingar og gildistaka verði stillt saman við afgreiðslu frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný Umhverfis- og orkustofnun sem taki við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að Umhverfisstofnun verði skipt upp í tvær einingar sem svo verði sameinaðar öðrum stofnunum. Endurskipulagningin hefur áhrif á skipulagsheildir, mannauð, skipulag fjármála, stafræna innviði, skjalastjórnun og aðra gæðastjórnun. Endurskipulagning sem þessi kallar því á töluverða vinnu samhliða daglegum rekstri. Nauðsynlegt er að gefinn verði hæfilegur tími til þessa verkefnis svo endurskipulagningin komi ekki um of niður á faglegu starfi. Gæta þarf sérstaklega að ábyrgð stofnunarinnar í verkefnum sem fela í sér viðbrögð við bráðamengun, smitsjúkdómum og náttúruvá en þess utan sinnir stofnunin fjölmörgum mikilvægum verkefnum á sviði stjórnsýslu umhverfismála.

Frumvarpið felur í sér verulega breytingu á samsetningu verkefna sem felur í sér tækifæri og áskoranir. Tryggja þarf áherslur í þágu sjálfbærni, öfluga þjónustu við samfélagið og markmið um kraftmikið fagstarf og árangur í umhverfismálum. Mikilvægt er að unnið verði á skipulagðan hátt að byggja upp skipulagsheildir til að ná settum markmiðum.

8. gr. breyting á öðrum lögum

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í textanum kemur fyrir heitið „Loftslagsstofnun“ en líklega er þar átt við nýja Umhverfis- og orkustofnun.

Ákvæði til bráðabirgða

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða segir: „Starfsfólk Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar sem ráðið verður til starfa hjá Umhverfis- og orkustofnun heldur réttindum sem það hefur áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningum þar sem miðað er við samfellt starf hjá sömu stofnun“. Óljóst er aftur á móti hvort starfsfólk haldi áunnum orlofsréttindum sínum inn í nýja ráðningu hjá nýrri stofnun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frumvarpið mæli fyrir um að starfsfólk haldi orlofsréttindum sínum og þurfi ekki að fá orlof greitt út við lok ráðningar og hefja svo ávinnslu að nýju í nýrri ráðningu. Það er talið óhagræði fyrir starfsfólk.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllt,

Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir,
sviðsstjóri